



Borgarráð

Styrkur til Nýsköpunarvinnunnar 2021

Lagt er til að borgarráð samþykki að styrkja Nýsköpunarvinnuna árið 2021 um 1 m.kr. og geri samning um að vera einn af burðarstólpum hátíðarinnar árin 2021-2023.

Greinargerð:

Nýsköpunarvinnan er hátíð í Reykjavík sem verður haldið dagana 26. maí – 2. júní. Markmiðið Nýsköpunarvinnunnar er að ýta undir atvinnuþróun og atvinnusköpun innan Reykjavíkurborgar auk þess að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar á Íslandi og gefa fyrirtækjum og sprotum tækifæri til að kynna eigin nýsköpun og deila þekkingu með almenningi.

Reykjavíkurborg mun hýsa opunarviðburð hátíðarinnar og nýti nýsköpunarvinnuna til að halda viðburði þvert á svið innan borgarkerfisins sem og á sem flestum stöðum um borgina þar sem ljósi verði varpað á fjölbreytt nýsköpunarverkefni innan borgarinnar. Atvinnuþróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara mun halda utan um aðkomu borgarinnar að nýsköpunarvinnunni í samvinnu við tengiliði innan sviða.

Kostnaðurinn verður færður af kostnaðarstað 09510.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi til borgarráðs vegna Nýsköpunarvinnunnar 2021, ódags.

Minnisblað frá Nýsköpunarvinnunni, ódags.

Umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 30.4.2021.

nýsköpunarvikan

Erindi til Borgarráðs vegna Nýsköpunarvikunnar 2021


Nýsköpunarvikan leggur fram styrkbeiðni til Reykjavíkurborgar um 5.000.000 árlegt framlag til næstu þriggja ára. Ætlunin er að standa straum af uppbyggingu hátíðarinnar til frambúðar í Reykjavík.

Nýsköpunarvikan er hátíð þar sem fyrirtækjum og frumkvöðlum gefst kostur á að standa fyrir nýsköpunartengdum viðburðum, fyrirlestrum og uppákomum með margskonar snertiflötum. Markmiðið er að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar á Íslandi þvert á atvinnugreinar, gefa fyrirtækjum og sprotum tækifæri á að kynna eigin nýsköpun og deila þekkingu úr nýsköpunarsamfélaginu með almenningi. Þannig sköpum við vettvang fyrir erlenda aðila sem vilja kynnast nýsköpun á Íslandi, tengjast sprotum, fjárfestum og frumkvöðlum og mynda ný viðskiptasambönd og tengsl.

Nýsköpunarvikan er hátíð sem sprettur upp út um alla borg, en er ekki einskorðuð við eitt húsnæði eða ráðstefnusal. Hér er gott að nefna dæmi um hátíðir eins og HönnunarMars, Vetrarhátíð og Iceland Airwaves sem allar hafa sett mikinn svip á borgarlífið og skapað ákveðna stemningu í gegnum tíðina. Markmiðið er að hátíðin geti ýtt undir atvinnuþróun og atvinnusköpun innan Reykjavíkurborgar með því að gefa nýsköpunar og rannsóknarstarfsemi í atvinnulífinu meira vægi.

Nýsköpunarvikan 2021 verður haldin 26. maí - 2. júní

Stefnt er að því að Reykjavíkurborg verði einn af burðarstólpum hátíðarinnar enda er hugmyndin sótt í svipaðar fyrirmyndir erlendis, s.s. Oslo Innovation Week, Stockholm Tech Week og Copenhagen Fintech Week. Allt eru þetta hátíðir sem eru styrktar af samstarfsborgum sínum.



nýsköpunarvæðing

Ýmsir möguleikar felast jafnframt í þátttöku Reykjavíkurborgar en við leggjum til þátttöku allra sviða borgarinnar á hátíðinni til þess að undirstrika nýsköpun innan stjórnkerfisins. Framlag sviðanna getur verið margskonar og af ólíkum toga en stjórnendur Nýsköpunarvikunnar yrðu innan handar við mótun á fyrirkomulagi. Eftirfarandi þættir gætu falist í aðkomu Reykjavíkurborgar

- Hverju sviði yrði úthlutaður ákveðinn dagur vikunnar þar sem þeirra viðburðum yrði gert hátt undir höfði í dagskrá hátíðarinnar.
- Borgin gæti lagt ákveðnum viðburðum til sérfræðinga
- Innri nýsköpunardagur Reykjavíkurborgar með fræðslu og námskeiðum
- Reykjavíkurborg aðstoði við að útvega heimilislásum viðburðum húsnæði
- Möguleiki á að sérstakir viðburðir eins og setning, lokahóf eða ákveðin hluti vikunnar gætu verið kynntir í boði borgarinnar.

Fjármögnun

Ætlunin er að fjármagna Nýsköpunarvikuna með styrkjum frá ríki og borg auk þess að sækja fjármagn til þeirra fyrirtækja sem taka þátt. Þannig er áætlað að lágmarki komi helmingur kostnaðar frá fyrirtækjum og að hámarki helmingur frá opinberum aðilum. Þannig er t.d. beiðni um fimm milljón króna styrk til Reykjavíkurborgar einungis tæplega tuttugu prósent af heildarkostnaði.


n	.

nýsköpunarvæðing

Fjárhagsáætlun	
Verkefnastýring	12,000,000
Hönnun og viðhald markaðsefnis	3,500,000
Vefur uppsetning og viðhald	2,000,000
Húsnæði vegna viðburða	3,000,000
Veitingar	2,000,000
Almannatengsl	1,500,000
Auglýsingar	2,500,000
Annar kostnaður	1,500,000
Samtals	28,000,000

Teymi

Að Nýsköpunarvikunni standa stjórnendur, verkefnastjórar og fjárfestar sem hafa mikla reynslu af vinnu innan nýsköpunarsamfélagsins bæði hér á landi og erlendis. Melkorka Sigríður Magnúsdóttir og Edda Konráðsdóttir eru framkvæmdastjórar Nýsköpunarvikunnar og búa yfir reynslu af verkefnastjórnun, fjármögnun og viðburðastjórnun bæði úr vinnu sinni hjá Icelandic Startups og gegnum sjálfstætt starfandi verkefni innan tæknigeirans og skapandi greina. Freyr Hólm Ketilsson, fyrirtækjafrumkvöðull, fjárfestir og stjórnandi til margra ára er hugmyndasmiðurinn bakvið hátíðina og mun koma til með að stýra Lausnarmótinu sem fram mun fara haust hvert.



nýsköpunarvikan 2020

Nýsköpunarvikan var haldin hátíðlega í fyrsta sinn dagana 30. september til 7. október 2020. Með hátíðinni gafst frumkvöðlum og fyrirtækjum tækifæri til að kynna skapandi starfsemi sína og vekja athygli á þeim framúrstefnulegu lausnum sem sprottið hafa upp úr íslensku hugviti.

Markmið Nýsköpunarvikunnar er þríþætt. Í fyrsta lagi að vekja athygli á nýsköpun sem á sér stað innan stærri fyrirtækja hér á landi og draga fram sérstöðu þeirra. Þá er ætlunin að koma á samtali milli frumkvöðla, sprota-fyrirtækja og almennings og veita innsýn í sköpunarferlið sem liggur að baki ólíkum fyrirtækjum. Loks er stefnt að því að Nýsköpunarvikan skapi sér sess til framtíðar sem vettvangur fyrir erlenda aðila sem vilja kynnast nýsköpun á Íslandi, tengjast sprotum, fjárfestum og frumkvöðlum og mynda ný viðskiptasambönd og tengsl. Með því verður hátíðin á pari við aðrar tækni- og sprotaráðstefnur á Norðurlöndunum.

Setning Nýsköpunarvikunnar fór fram í Grósku, heimili nýsköpunar í Vatnsmýrinni. Á setningarathöfninni var fjallað um nýsköpun þvert á atvinnugreinar en meðal þeirra sem tóku þar til máls voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, auk fulltrúa frá Stafrænu Íslandi, Marel og Grósku.

Viðburðir vikunnar voru jafn fjölbreyttir og þeir voru margir, og má þar nefna heilsu- og fjártækni hakkapon, fyrirlestra um tengsl sjálfbærni og ferðapjónustu framtíðarinnar, stöðu vísifjárfestinga á Íslandi og hina ýmsu viðburði þar sem fjöldi nýsköpunarfyrirtækja, rótgróinna jafnt sem nýspröttinna, kynntu starfsemi sína.

Samstarfsaðilar Nýsköpunarvikunnar 2020

Háskóli Íslands - Fjármálaráðuneytið - Nýsköpunarsjóður Atvinnulífsins - Advania - Verkís - Össur - CCP - Rannís - Saltverk - Deloitte - Hopp - Marel - Circular Solutions - Frumtak - Stafrænt Ísland - Reykjavíkurborg - Íslenski Ferðaklasinn - Hugverkastofa - Sea Data Center - Nordic Innovation - Nýsköpunarráðuneytið - Fjártækniklasinn - Arion banki - Nordic Startups Awards - Icelandic Startups - Gróska

„Nýsköpunarvikan 2020 fór fram í byrjun október, þrátt fyrir mótlæti á tímum kórónaveirunnar og fordæmalausra aðstæðna var nýsköpunarhugsunin notuð til að styrkja og þjappa saman nýsköpunarumhverfinu á Íslandi. Sem sýnir mikilvægi þess að viðburðir eins og nýsköpunarvikan séu til, ný tækifæri felast í núverandi áskorunum sem við verðum að nýta. Ef einhverjir geta nýtt þau tækifæri þá eru það aðilar sem kunna að vinna í og skilja síkvikt nýsköpunarumhverfið. Nýsköpun, stór sem smá þarf að vera aðgengileg og sýnileg almennungi í landinu.“

- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, nýsköpunarráðherra

Nýsköpunarvikan 2020

- 26 viðburðir með 2212 áhorfendur

Birtingar

- Vefborðar á Vísi 600.000 birtingar
- 4200 smellir á streymisfréttir viðburðanna á Vísi

Samfélagsmiðlar

- 1.500 fylgjendur
- 3000 meldingar á viðburði
- Samstarfsaðilar dreifðu allir viðburðum á sínum miðlum.

Fjölmiðlaumföllun

- Fréttir og umfjöllun í öllum helstu fjölmiðlum Íslands
- Setningarathöfn streymt á Vísi ásamt 5 öðrum lykilviðburðum
- Umfjöllun í kvöldfréttum Stöðvar 2
- Umfjöllun á helstu útvarpsstöðvum; Ísland í bítið á Bylgjunni, Síðdegisútvarp Rásar 2, Harmageddon á X-inu o.fl.
- Umfjöllun í hlaðvörpum; Frumkvöðlar, Tæknivarpið, Konur í Nýsköpun.
- Viðtöl í prent- og vefmiðlum; Viðskiptablaðið, Morgunblaðið, Fréttablaðið, Vísir.

nýsköpunarvikan 2020

Dagskrá Nýsköpunarvikunnar 2020

30. september

- 10:00 Frumkvöðlaspjall live á Facebook
- 12:00 Háskóli Íslands: Nýsköpun í geðheilbrigðismálum
- 15:00 Setning Nýsköpunarvikunnar

1. október

- 10:00 Frumkvöðlaspjall live á Facebook
- 10:00 Setning Lausnarmóts Nýsköpunarvikunnar
- 10:00 Íslenski Ferðaklasinn - Sjálfbærni verður súrefni fyrir ferðaþjónustu framtíðarinnar
- 13:00 Sea Data Center- Opportunities and challenges in the Atlantic Cod markets
- 16:30 Háskóli Íslands: Neisti í nýsköpun - Hvernig býr maður til rafmagnskappakstursbíl?

2. október

- 9:00 Menntakvika: Draumar, framkvæmd, fræði - Sköpunar- og tæknissmiðjur í grunnskólasterfni
- 9:00 Háskóli Íslands: Látum draumana rætast - Nýsköpun og tækni
- 10:00 Frumkvöðlaspjall live á Facebook
- 13:00 Hopp: Stafrænn rekstur í deiliahagkerfi

3.-4. október

- 10:00 Lausnarmót Nýsköpunarvikunnar

5. október

- 10:00 Frumkvöðlaspjall live á Facebook
- 11:00 Að Rata í Frumkvöðlaumhverfinu
- 12:00 Össur: Nýsköpun Á Verðlaunapalli
- 15:30 Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Háskóla Íslands: UP TO START

6. október

- 10:00 Frumkvöðlaspjall live á Facebook
- 10:00 Verðlaunahafar kynntir í Lausnarmóti Nýsköpunarvikunnar
- 13:00 Fjármála- og efnahagsráðuneytið: Keppni í nýsköpun - hvað kemur út úr því?
- 14:00 Advania: Hraðstefnumót við nýskapara Advania
- 16:00 FKA og Nýsköpunarsjóður Atvinnulífsins: Konur í Nýsköpun

7. október

- 9:00 Circular Solutions: Sjálfbærni & nýsköpun: umhverfismál, félagslegir þættir, stjórnarhættir & hringrásarhagkerfið
- 10:00 Frumkvöðlaspjall live á Facebook
- 12:00 Hugverkastofa: Að finna upp hjólið
- 13:00 Nordic Innovation: Healthtech in the Nordics - Samnorræn Málstofa
- 14:30 Icelandic Startups: Fyrstu skref frumkvöðla
- 16:30 Frumtak Ventures og Arion banki: Vísa með Vísun í Vísisjóði

„Oft var þörf en nú er nauðsyn. Andspænis áskorunum okkar daga þurfum við mátt vísinda og þekkingar, mátt frumkvæðis og nýsköpunar.“

- Guðni Th. Jóhannesson, Forseti Íslands, um hátíðina 2020



30. apríl 2021
R21020157

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs um tillögu borgarstjóra um styrk til Nýsköpunarviku 2021

PON tekur undir framkomna tillögu borgarstjóra um að borgarráð styrki Nýsköpunarvikuna árið 2021 og verði einn að burðarstólpum hátíðarinnar til þriggja ára.

21. öldin hefur verið kölluð öld hinna skapandi greina. Við lifum í þekkingarsamfélagi en þekking er orðin sú frumauðlind sem hagkerfi hins vestræna heimsins byggja framtíð sína á. Verðmætasköpun í dag snýst ekki eingöngu um öflun hráefnis eða framleiðslugetu heldur einnig um hugvit og hverskonar lausnir með auknar kröfur á nýsköpun og þjónustuupplifun.

Nýsköpunarvikan fellur vel að markmiðum gildandi atvinnustefnu borgarinnar, leiðarljósi nýsköpunarborgarinnar og þeim lykilaðgerðum sem ætlað er að stuðli að þróun og vexti hennar. Leitast er við að styðja við frumkvæði að nýsköpunarviðburðum þar sem frumkvöðlar, sprotafyrirtæki, fjárfestar og aðrir sem koma að nýsköpun í borginni geta hist, kynnt sína starfsemi og byggt upp tengslanet út fyrir landsteinana.

Nýsköpunarvikan er nú haldin í annað sinn en fyrri viðburður sló taktinn að því sem gæti hæglega orðið að einum stærsta árlega viðburði borgarinnar. Nýsköpunarvikan dregur fram og varpar ljósi á íslenska nýsköpun í þeim tilgangi að auka árangur frumskvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtækja, koma á auknum tengslum og mynda ný viðskiptasambönd héraðs og erlendis. Er hátíðin meðal annars í samstarfi við Íslandsstofu um þessi markmið, bæði hvað varðar framleiðslu á kynningarefni og svo tengingar við aðrar sprota- og tækniráðstefnur á Norðurlöndum.

Nýsköpunarvikan treystir hugmyndina um Reykjavík sem framsækna nýsköpunarborg. Hún hefur það að markmiði að gera nýsköpun í borginni sýnilega og aðgengilega með fyrirlestrum, pallborði, lausnamótum, hraðstefnumóti sprota og öðrum fjölbreyttum uppákomum tengdum nýsköpun, en hátt í 100 viðburðir eru á dagskrá hennar í ár. Fyrirkomulag Nýsköpunarvikunnar byggir einnig undir hugmyndina um Reykjavík sem nýsköpunarsamfélag, hún er þátttökuhátíð sem sprettur upp að frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja sem standa fyrir viðburðum sem teigja munu anga sína um alla borg, í raun- og rafheimum, og skapa þannig alltumlykjandi anda nýsköpunar í borginni.



30. apríl 2021
R21020157

ÞON telur að áhrif af hátíð eins og Nýsköpunarvikunni geti verið jákvæð fyrir borgina, ímynd hennar, nýsköpun og atvinnulíf. Nýsköpunarvikan er hrein viðbót við viðburðaflórana sem þegar er til staðar og styrkt er af borginni. Miðað við inntak hennar og umgjörð þá er hún líkleg með tímanum til að festa sig í sessi sem einn af stærstu viðburðum hérlendis og verða mikilvæg uppskeruhátíð nýsköpunarsamfélagsins sem laðar að og gleður.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið styður áætlun borgarinnar um fjárstuðning til lengri tíma enda sé hátíðin líkleg til að uppfylla fljótt og örugglega öll skilyrði samstarfssamninga sambærilegra borgarhátíða m.a. um alþjóðlega tengingu, kröfur um fagmennsku í allri umgjörð, skipulagi og kynningu á hátíðinni, gæði viðburða auk þess sem hún stuðlar að atvinnusköpun.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt